


SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR - AÐALSKIPULAG 2008-2028

ÞÉTTBÝLISUPPDRAÐTUR, BREYTING Á AÐALSKIPULAGI, ÍBÚÐARSVÆÐI VIÐ VOGAHÖFN

BLAÐSTÆRÐ A3, MKV. 1:10.000




Gildandi aðalskipulag, samþykkt í bæjarstjórn 26.11 2009, staðfest af umhverfisráðherra 23.02 2010, m.s.br.



Aðalskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur málsmeðferð samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var auglýst frá _____ til _____
var samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga þann _____

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____



Breyting á aðalskipulagi, íbúðarsvæði við Vogahöfn.

Sveitarfélagið Vogar hefur samþykkt að gerð verði tillaga að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Breytingin fellst í eftirfarandi:

- Skv. gildandi aðalskipulagi er um 3 ha svæði ofan Vogahafnar beggja megin Hafnargötu skilgreint með blandaðri landnotkun; íbúðarsvæði ásamt verslunar- og þjónustusvæði.
Á svæðinu er m.a. heimilt að hafa 20-30 íbúðir fyrir 50-80 íbúa, sér í lagi á efri hæðum bygginga. Á svæðinu er einnig gert ráð fyrir starfsemi fyrir verslun og þjónustu, sér í lagi á jarðhæðum bygginga.
Sú breyting er gerð að íbúðum á svæðinu er fjölgað þannig að þær verði að hámarki 65, en að lágmarki 50. Á svæðinu er gert ráð fyrir fjölbýlishúsum með möguleika á verslunar- og þjónustustarfsemi á jarðhæðum bygginga.
Á svæðinu norðan Hafnargötu er m.a. gamalt fiskvinnsluhús sem talið er hafa sögu- og menningarlegt gildi. Gert er ráð fyrir að elsti hluti hússins verði áfram á svæðinu og að endurbætur á húsinu verði unnar í samráði við sveitarfélagið.
Eftirfarandi skilmálar í aðalskipulagi gilda áfram fyrir svæðið:
• Við sjávargarðinn eru heillegar rústir, u.þ.b. 150 ára gamlar vegghleðslur af bænum Norðurkoti í Vogum sem vernda þarf ásamt hólum í kring og hugsanlega endurbýggja. Við gerð deiliskipulags skal tekið tillit til minja um atvinnu- og byggðarsögu Voga sem finna má á svæðinu.

Þar sem aðeins er verið að breyta skilmálum verða engar breytingar á uppdrætti. Uppdráttur er til skýringar og sýnir það svæði sem breytingin nær til.

Rauður hringur sýnir staðsetningu þess svæðis sem breyting á aðalskipulagi tekur til.

Umhverfisáhrif

Ekki er talið að breytingin hafi veruleg umhverfisáhrif þar sem aðeins er verið að fjölga íbúðum en þess utan eru skilmálar óbreyttir, m.a. hvað varðar minjar á svæðinu.

Hagræn áhrif eru talin jákvæð þar sem verið er að nýta þá innviði sem þegar eru til staðar á svæðinu (götur, lagnir o.fl.).

Mögulegt er að umferðaraukning verði um Hafnargötuna vegna fjölgunar íbúða og þar með íbúa en það sem svæðið er lítið verða íbúðir fremur fáar og því er ekki talið að umferðaraukning verði veruleg.

Heildaráhrif breytingar á aðalskipulagi eru talin óveruleg.

Skipulagsskýringar

	Sveitarfélagsmörk		Aðrir vegir (aðeins til skýringar)
	Þéttbýlismörk		Hraðlest
	Íbúðarsvæði		Göngustígar
	Svæði fyrir þjónustustofnanir		Gönguleiðir, þjóðleiðir
	Miðsvæði		Reiðstígar
	Verslunar- og þjónustusvæði		Hjólreiðastígar
	Athafnasvæði		Mislæg gatnamót
	Iðnaðarsvæði		Undirgöng
	Hafnarsvæði		Raflínur í lofti
	Opin svæði til sérstakra nota		Jarðstrengir
	Óbyggð svæði		Hitaveita
	Landbúnaðarsvæði		Vatnsveita
	Vötn, ár og sjór		Sjóvarnargarðar
	Stofnvegir		Náttúruverndarsvæði, svæði á náttúruminjasrá
	Tengivegir		Hverfisverndarsvæði, t.d. á óbyggð svæði
			Vatnsverndarsvæði, brunnsvæði
			Vatnsverndarsvæði, grannsvæði
			Vatnsverndarsvæði, fjarsvæði

Almennar skýringar

	Hæðarlínur, 2 metra
	Hús / Lögbýli

Um mannvirkjagerð á jarðskjálftasvæðum gildir forstaðallinn EC-8 (ENV 1998) ásamt tilheyrandi þjóðarskjölum. Samkvæmt þjóðarskjali FS ENV 1998-1-:1994 er Sveitarfélagið Vogar á hönnunarhraðasvæðum 0,15 g, 0,20 g.

TILLAGA 16. maí 2025

Umsjón: Landslag ehf.

Hnitakerfi: Lambert.

Hnattstaða: ÍSNET 93.

Kortagrunnar:

1:10 000 = Loftmyndir ehf.

1:30 000 = Hnit hf.

